



Borgarráð

Hólmsheiði - tímabundið lóðarvilyrði (option) - Síminn

Óskað er eftir að borgarráð staðfesti meðfylgjandi samning um lóðarvilyrði gegn greiðslu, sem heimilar byggingu allt 10.000 fermetra að stærð við Símann kt. 460207-0880, Ármúla 25, Reykjavík.

Greinargerð: Uppbygging gagnavera er fjármagnsfræk en það er mikilvægt að búa þannig um hnúta að auðvelt sé að stækka við gagnaver án þess að binda mikið fjármagn ef aðstæður síðar verða hagfelldar fyrir rekstur gagnaversins. Með þessu fyrirkomulagi er fjárbinding vegna viðbótarlóða í lágmarki og fyrirtækið hefur ráðrúm til þess að vaxa á eðlilegum hraða án þess að þurfa að skuldsetja reksturinn umfram efni. Fyrir Reykjavíkurborg er það mikilvægt að stuðla að nýsköpun og fjölbreyttum iðnaði innan bogarmarkanna og gera fyrirtækjum það kleift að vaxa á sama stað. Með þessu fyrirkomulagi myndast einnig hvatning fyrir fyrirtækið að kaupa fleiri lóðir af Reykjavíkurborg ef aðstæður þess bjóða upp á það.

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:

Samningur um tímabundið lóðarvilyrði

SAMNINGUR UM TÍMABUNDIÐ LÓÐARVILYRÐI

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík, vegna Reykjavíkurborgar eignasjóðs kt. 570480-0149, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík og Síminn kt. 460207-0880, Reykjavík gera með sér svohljóðandi samning um greiðslu fyrir lóðarvilyrði:

1. Reykjavíkurborg skuldbindur sig til þess að veita Símanum vilyrði fyrir lóð/lóðum við Hólmsheiði undir rekstur gagnavers, með fyrirvara um að deiliskipulag fyrir lóðina/lóðirnar verði samþykkt með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.
2. Stærð og staðsetning lóðarinnar/lóðanna verður nánar ákveðin í deiliskipulagi. Þessi lóð er viðbót við þá lóð sem borgarráð samþykkir með vilyrði að veita Símanum með byggingarmagni upp á 8.000 fermetra og fellur niður ef það vilyrði er ekki samþykkt. Til skoðunar er að hámarksbyggingarmagn sem veitt er vilyrði fyrir í heild sinni, hvort um sé að ræða eina lóð eða fleiri, heimili byggingar allt að 10.000 m².
3. Nýti Síminn sér ekki lóðarvilyrðið að fullu þá gengur greiðsla fyrir lóðarvilyrðið upp í álögð gatnagerðargjöld fyrir þá lóð sem verður úthlutað félaginu á grundvelli lóðarvilyrðis á Hólmsheiði. Samráð skal haft við Símann um stærð þeirrar lóðar einnar eða fleiri sem afmörkuð verður í deiliskipulagi. Þegar sú afmörkun liggur fyrir þá miðast endanlegt lóðarvilyrði við þá afmörkun.
4. Gildistími þessa lóðarvilyrðis er 6 ár, teljandi frá samþykkt deiliskipulags fyrir lóðina/lóðirnar í B-deild Stjórnartíðinda. Fyrir lóðarvilyrði þetta greiðir Síminn ehf. kr. 1.500 á hvern byggingarfermetra skv. samþykktu deiliskipulagi fyrir lóðirnar fyrir fyrstu þrjú ár samningsins og kr. 1.000 fyrir síðari þrjú árin. Gjaldldagi fyrri greiðslunnar er einu ári eftir birtingu auglýsingar á samþykktu deiliskipulagi fyrir lóðina/lóðirnar í B-deild Stjórnartíðinda. Gjaldldagi síðari greiðslunnar er þremur árum eftir þá fyrri en aldrei síðar en sex árum eftir auglýsingu deiliskipulags í B-deild Stjórnartíðinda. Berist Reykjavíkurborg ekki greiðsla fyrir lóðarvilyrðið samkvæmt framangreindu, fellur lóðarvilyrðið niður.
5. Síminn skal taka afstöðu til þess hvort það ætlar að nýta sér vilyrðið, um úthlutun lóðarinnar/lóðanna innan sex ára frá dagsetningu auglýsingar á samþykktu deiliskipulagi í B-deild Stjórnartíðinda. Sæki fyrirtækið ekki um úthlutun á lóðinni, innan þess tíma fellur vilyrðið niður, nema ef óskað er eftir framlengingu fyrir lok gildistíma vilyrðisins.
6. Óski Síminn eftir framlengingu á þessu lóðarvilyrði um 3 ár gildir að greitt er kr. 1.000 fyrir hvern samþykktan byggingarfermetra sem þá á eftir að byggja, samkvæmt samþykktu deiliskipulagi um lóðina, á hverju ári. Greiðslufyrirkomulagi og áskilnaði um greiðslu verður hátað á sama veg og að framan greinir. *Skilyrði fyrir framlengingu þessari er að hafin sé bygging á a.m.k. helming þess byggingarmagns sem fellur undir vilyrði þetta og heimilt er að byggja samkvæmt samþykktu deiliskipulagi í B-deild Stjórnartíðinda.*
7. Komi til úthlutunar lóðar/lóða, gengur greiðsla á lóðarvilyrðinu, fyrir sama fjölda byggingarfermetra og heimilað er að byggja, upp í álögð gatnagerðargjöld vegna lóðarinnar. Greiðsla fyrir lóðarvilyrðið er að öðru leyti óafturkræf.
8. Greitt verður gatnagerðargjald fyrir lóðina/lóðirnar auk markaðsverðs á byggingarrétti sem getur verið ákveðið fast verð skv. gjaldskrá eða ákveðið markaðsverð síðar þegar lóðir hafa hlotið staðfestingu í deiliskipulagi. Gjaldldagi gatnagerðargjalds er dagsetning tilkynningar til lóðarhafa um úthlutun eða sölu lóðar, eindagi er 45 dögum síðar.

Reykjavík 2017.

Samþykkur f.h. Reykjavíkurborgar
samkvæmt samþykkt borgarráðs dags.

Samþykkur f.h. Símans

Vottar að rétti undirskrift, dagsetningu og fjárræði:

Kt.

Kt.